

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er öðlist gildi 1. maí 2002.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559, 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Þjónustugjöld.

Við þennan lið bætist nýtt gjald:

Seðilgjald 100 kr.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. mars 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

SAMÞYKKT

um fráveitur í Borgarbyggð.

I. KAFLI

Um fráveitur.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Borgarbyggð.

2. gr.

Borgarbyggð starfrækir fráveitur í Borgarnesi og á Bifröst. Sveitarstjóður kostar rekstur þeirra og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarstjórns til reksturs og framkvæmda viðþær. Borgarbyggð getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarfélaginu.

Tæknideild Borgarbyggðar fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveiturnar veita fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarstjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfé-